

Foreldraráð Verzlunarskólans

Stjórnarfundur mánudaginn 7. mars kl. 17.15 í fundarherbergi í Verzlunarskóla Íslands.

Mætt voru: María Björk, Hafsteinn, María Björk, María Fjóla, Margrét Ármann og Hjördís, Helga María og Helga Sverrisdóttir.

DAGSKRÁ:

- 1) Kláruð prófkúrumál og stjórnarskipti til Félagaskrár - þetta hefur verið mjög flókið og langt ferli en er vonandi komið í höfn. Síðustu skjöl undirrituð.
- 2) Umræða um fund með skólastjórn og félagslífsfulltrúum, langur fundur var haldinn og gekk vel. (sjá fundargerð)
- 3) Ákveðin tímasetning á fyrirlestri fyrir foreldra en samið hefur verið við Örnú Steinsen. Fyrirlestur fyrir krakkana verður miðvikudaginn 30. mars kl. 11 (hraðtafla sett á þann dag). Þetta er fyrsti skóladagur eftir páskafrí og spurning hvort við viljum hafa fyrirlestur fyrir foreldra sama kvöld eða fyrir fyrir páska þ.e. þriðjudaginn 15. mars. Hvorn tímann sem verður valinn þá þarf að klára skipulagningu á fyrirkomulagi foreldravöldsins því við viljum jú fá sem flesta. Ákveðið að hafa fyrirlesturinn þann 15. mars og reyna að kynna hann vel og gera eitthvað úr þessu, enda spennandi fyrirlestur.
- 4) Fjárhagsstaða félagsins er góð og eigum við töluverða fjármuni. Rætt um hvernig eigi að ráðstafa því. Ákveðið að hitta nýja stjórn NFVÍ sem fyrst eftir stjórnarskipti og fá hugmyndir frá þeim um hluti þar sem foreldrafélagið getur komið að málum
- 5) Ballgæsla - næsta ball verður þriðjudaginn 8. mars í Hörpu, verður tilkynnt í dag og í framhaldi. Ballið virðist vera vel mannað og góð stemming.
- 6) Styrmir Elí Forseti nemendafélagsins kom í heimsókn til okkar og Magnús formaður málfundafélagsins. Heyrðum frá þeim hvernig stemningin er í félagslífinu og höfðu þeir ýmislegt áhugavert fram að færa. Að þeirra mati hefur lífið í skólanum gengið mjög vel í vetur og góður andi sé í skólanum og almennt virðist sem nemendum líði betur en síðasta vetur. Mikil vinátta sé innan skólans og það hafi gengið eftir sem þau lögðu af stað með að bæta skólaandann. Nú eru kosningar í næstu viku og síðan stjórnarskipti.

Rætt var um hugmyndir að því sem hægt væri að gera til meira af og mögulega með aðkomu foreldrafélagsins þá kom fram að þeir hefðu t.d. áhuga á að auka fræðslu innan skólans og gætu hugsað sér aðkomu foreldrafélagsins að því. Til dæmis varðandi meiri kennslu um stjórnsmál og samfélagsmál almennt, taka fyrir málefni sem er í umræðunni hverju sinni og meiri tengingu við atvinnulífið. Einnig myndu þeir vilja sjá að það væri sálfræðipjónusta við skólans en margir hafa þörf fyrir það.

Foreldrafélagið hvetur nemendur til að nýta sér endilega það sem við búum yfir bæði varðandi fjármuni og tengsl. Þeir tóku vel í það og munu koma þeim skilaboðum áfram til nýrrar stjórnar.

Rætt um edrúpottinn og kom fram að það er mikil ánægja með edrúpottinn hjá nemendafélaginu.

7) Berta Sigurðardóttir sem sér um alþjóðatengingarnar í skólanum kom í heimsókn og kynnti fyrir okkur það sem er í gangi í sambandi við alþjóðleg verkefni / styrki / nemendaskipti / ferðir o.s.frv. Versló er eini framhaldsskólinn sem er með starfsmann í því að sinna þessum málum, og fær styrki víða að. Ferðir sem tungumálakennarar fara í og ferðir í valfögum eru ekki inni í þessu. Þetta starf er mjög viðamikilið og gaman fyrir foreldrafélagið að kynnast þessu. Leggja þarf áherslu á að nemendur skólans eigi sem flestir kost á að taka þátt í þessu alþjóðlega starfi.

Foreldrafélagið leggur til að þetta verði kynnt betur fyrir foreldrum og nemendum í byrjun námsins

8) Annað - engin bar upp önnur mál.

Fundi slitið klukkan 19:00

Helga Sverrisdóttir, fundarritari